

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

1. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 13. MAÍ 2011.

Dagskrá:

1. Kjör framkvæmdastjórnarmanna.
2. Kjör í starfsnefndir miðstjórnar.
3. Trúnaðarráðstefnan 2011.
4. Kjarasamningar.
5. Önnur mál.

Í upphafi fundar bauð nýkjörinn formaður sambandsins Kristján Þórður Snæbjarnarson nýja miðstjórn velkomna til starfa og vonaðist eftir góðu samstarfi á kjörtímabilinu.

1. Kjör framkvæmdastjórnarmanna.

Á 17 þingi RSÍ 28-30 apríl 2011 var samþykkt tillaga þess efnis, að miðstjórn myndi kjósa 2 meðstjórnendur í framkvæmdastjórn.

Kosnir voru Jakob Tryggvason og Grétar Guðmundsson.

2. Kjör í starfsnefndir miðstjórnar.

Kosið var í eftirtaldar nefndir: Kjörstjórn v. stjórnarkosninga aðildarfélaganna, kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga, launanefnd, orlofsnefnd, fjölskylduhátíðarnefnd, golfnefnd, úthlutunarnefnd styrktarsjóðs og laganefnd.

Þessi nefndarskipan var samþykkt samhljóða.

3. Trúnaðarráðstefnan 2011.

Samþykkt að stefna á dagana 27 og 28 október 2011 og að ráðstefnan yrði eins og venulega á Selfossi.

Rætt var lítilega um fyrirhugaða dagskrá, og hvort hún ætti að vera hefðbundin, eða gera einhverjar breytingar. Skoða á allar hugmyndir.

4. Kjarasamningar RSÍ og SA.

Formaður fór yfir og kynnti helstu niðurstöður nýgerðs kjarasamnings milli SA og RSÍ. (Almenna samninginn)

Búið er að halda fundi á 3 stöðum og var gerður góður rómur að samninginum, og mæting félagsmanna með ágætum.

Almennar launahækkningar eru:

1. júní 2011 4,25% plús 50.000.-kr eingreiðsla.

1. febrúar 2012 3,5%

1. febrúar 2013 3,25%.

Þá er í samningnum lagður grunnur að jöfnun lífeyrisréttinda á árunum 2014-2020, eins að auknum fjárfestingum og leitast verður við að auka hagvöxt. Eins á að reyna að draga úr atvinnuleysi.

Þá er ákvæði í samningnum að persónuafsláttur verður verðtryggður frá næstu áramótum.

Á næstu dögum fara margir samningar í gang og reynt verður að ljúka þeim fyrir næstu mánaðarmót.

Atkvæðagreiðsla um samninginn er rafræn, og hófst hún 10 maí s.l. og líkur 24 maí kl 23.59

Atkvæðarétt hafa allir þeir félagsmenn RSÍ sem ekki falla undir aðra sérkjarasamninga.

5. Önnur mál.

Farið yfir stöðu framkvæmda er tengjast orlofskerfinu, unnið er að lagningu hitaveitu að Einarstöðum ásamt breytingum á húsum vegna þess. Rætt var um ástand hússins í Vaglaskógi.

Samþykkt að fundir miðstjórnar yrðu áfram einu sinni í mánuði og á föstudögum og myndu hefjast kl 14, þar sem það hentaði landsbyggðarmönnum betur.

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.